

Hégómi

Tækifærisljóð frá ýmsum tímum

(Óprentað enda sumt ekki prenthæft - sýnishorn)

Skírnar- og nafnaljóð

Afmælisvísur

Brúðkaupsbragir

Erfiljóð

Annað

Ljóða- og vísnastrá

Skírnar- og nafnaljóð	4
Aron Bjarki – Það bar við um þessa mund	4
Elín - Skírnargjöf.....	5
Gunnar Ingi - Ein lítil gjöf	6
Valdimar Kolka - Skírnarvísur.....	9
Áróra Sirrí - Yngismær fær nafn.....	10
Kári Jökull - Nafnaþula	11
Eva Lovísa - Sonnetta um kraftaverk í tilefni nafns.....	12
Lilja Sól - Kveðja frá afa.....	13
Elfar Bjarki - Dagnýr drengur	14
Baldur Leó - Nýtt nafn í fjölskylduna.....	15
Hákon Kolka – Til hamingju!	16
Katrín Kolka - Kominn er dagur daga	17
Einar Kolka Pálsson - Við skírn	19
Jón Kolka - Nafnavísur	20
Afmælisvísur.....	21
Pabbi 50 ára - Til hamingju	21
Guðrún Árný eins árs - Eitt ár í tímans skaut	22
Kristófer 10 ára – Skarfur í Skógum	24
Jón Bjarnason 70 ára - Sjötug ríma	25
Hafþór sextugur.....	37
Óttar Einarsson 70 ára - Í afmælisveislu	38
Sú var tíðin ... Ljóð flutt á 50 ára afmæli ML.....	39
Brúðkaupsbragir	41
Parið Jósi og Gunna	41
Heimir og Lísu - Giftingardagurinn 22. júní 2012	42
Brúðkaupsvísur handa Palla og Söndru	43
Erfiljóð	44
Þakkarkveðja - Katrín Kolka Jónsdóttir (f. 29. 9. 1982 - d. 27. 2. 2011) ..	44
Lífið er von - Guðný Jósepsdóttir (f. 12.6. 1929 - d. 9.6. 1999).....	45
Söngfuglinn sem hljóðnaði - Sigurður Sigurjónsson (f. 8.9. 1913 - d. 3.6. 2005)	47

Kveðjuorð - Albert Jóhannsson í Skógum (f. 25.9. 1926 – d. 26.12. 1998).....	48
Frá sveitungum og vinum - Tómas Jónsson, Skarðshlíð (f. 25. 4. 1929 – d. 1. 8. 1998).....	49
Annað	50
Lokasöngur í Kabarett LA 1980 (Við ýmis lög)	50
Garður á Laugarvatni	52
Vísngátur – Um hverja er ort?	53
Þorrablót UMFL 2005	55

Skírnar- og nafnaljóð

Aron Bjarki – Það bar við um þessa mund ¹

Það bar við um þessa mund
að þöllin fæddi sveininn
sem lýsti af um græna grund
og græddi hugarmeinin.

Hún fæddi dreng í Davíðs borg
hvar dafna menn og konur;
úr öllum hugum horfin sorg,
hann var Jóseps sonur.

Óskir fylgja, ungi sveinn,
Arons nafni og Bjarka.
Nú víst þín bíður vegur beinn
er viltu sjálfur arka.

Gangi þér allt í góðan hag,
gleði völdin hafi.
Þér ómi lífsins ástarlag,
þess óskar þér þinn afi.

¹ Aron Bjarki Jóseppson, elsta barnabarn mitt, fæddist 21. nóvember 1989, sonur Guðrúnar Árnýjar dóttur minnar og Jóseps Sigurðsonar. Skírnardagur var 21. janúar 1990. (Lag: Sigurður Sigurjónsson).

Elín - Skírnargjöf²

Eldar loga, kviknar bál í brjósti,
bruna um æðar, líkt og þrumur ljósti,
kveðja mig til leiks með þungum þjósti,
þrýsta á huga, líkt og standi í gjósti.
Því segi ég glaður, gott er þig að finna
glæðast trú og vonir drauma minna.

Kæra vina, eigðu lif í yndi
allt þér gangi í hag í logni og vindi
Dagar mæti snót í ljúfu lyndi
lukkan með þér gegnum ævi syndi.
Þú ert fögur, fljóðið unga og bjarta,
fegurð þín, hún magnar sál og hjarta.

Elín litla, eftirlæti þabba
ömmubarn um gólfin brátt mun labba.
Við mömmu sína meira en fús að rabba
og málgan afa sinn með brosi gabba
með ljúfu skapi heillar allan heiminn
hugþekk stúlka, geislandi og dreymin.

² Í tilefni skírnar Elínar Jósepsdóttur dótturdóttur minnar 24. apríl 1994.
Hún fæddist 1. október 1993.

Gunnar Ingi - Ein lítil gjöf³

Ljós sem kviknar
líf sem kviknar
Fæddur er falletgur karl
Hefst ný saga
hefst drengs saga
Ljúflings er hafið líf
ljúflings er byrjað líf.

Móður sem elskar
móður sem dáir
á þessi indæli sveinn
Faðmur sem huggar
faðmurinn huggar
verndar frá hættu og vá
verndar frá ógnum og vá.

Faðir hann styrkir
faðir hann eflir
með ljúfri og leiðandi hönd
Hvetur til dáða
Hvetur sinn snáða
Fyrirmynd fjörugum gaur
fyrirmynd frísklegum gaur.

³ Gunnar Ingi Jósépson, dóttursonur minn var skírður 12. nóvember 1995.
Hann fæddist 6. ágúst 1995.

Bardagadrengur
Bardagamaður
beittur og baráttufús
Nefnist því Gunnar
nafn hans er Gunnar
Sigrandi fer hann um fold
sigrandi ferðast um fold.

Konungum líkur
konungur sjálfur
Foringja fræknleika ber
Sjálfum sér stýrir
sér sjálfum hann stýrir
Ingi er hans annað nafn
Ingi er hans síðara nafn.

Bróður átt góðan
bróður átt, Aron
Hann kennir þér leiki og list
Og systir þín, Elín
systirin Elín
verður þér vinur í raun
verður hún vinur í raun.

Frændur þér heilsa
frændur þig kveðja
Víst er um frægð þína og fjör
Atli og Dúni
þeir Atli og Dúni
og Kristófer senda þér koss
Kristófer sendir þér koss

Ég bið að þú dafnir
bið að þú þroskist
Þú eiga skalt hamingjubros
Guð faðir geymi
Guð minn þig geymi
Þú átt skilið það besta sem býðst
átt skilið það besta sem býðst.

Valdimar Kolka - Skírnarvísur⁴

Þú ert skafhreifinn skírnardrengur
og skrautlegur eins og gengur
Megi hamingja þín
verða hugljúf og fín
Þú ert hreint ekkert smábarn lengur.

Þú ert glaður á góðviðrisdegi
er þú geysist um mannlífsins vegi
Þú ert gimsteinninn skær
þegar skrafar við tær
Þú ert skjaldsveinn og stóreflis peyi.

⁴ Hinn 25. nóvember 2006 var Valdimar Kolka, sonur þeirra Katrínar Kolku Jónsdóttur mágkonu minnar heitinnar og Eiríks Valdimarssonar, skírður heima í Aragötu 16 af sr. Hildi Eir Bolladóttur. Ég orti til hans í orðastað okkar hjóna. Valdimar fæddist 6. september 2006.

Áróra Sirrí - Yngismær fær nafn⁵

Við norðurljósa laglegasta blik
lagði fljóð af stað í þennan heim
Lukkuleg á svip og laus við hik
á langafadegi hóf sitt ævigeim
Hún þroskast fljótt við foreldranna skjól
falleg bros hún sendir þeim að gjöf
Og afar bæði og ömmur halda jól
öflug hljóðin berast vítt um höf
Megi stúlkan lifa í lukku glöð
lánast allt sem reynir sér til góðs
Þess óskar stoltur afi á þessi blöð
yndislegru snót án galla og hnjóðs
Elsku besta Áróra Sirrí mín
öllu betri verði lukkan þín.

⁵ Áróra Sirrí er dóttir Atla Sævars sonar míns og Dóru Gígju Þórhallsdóttur, tengdadóttur minnar. Hún fæddist á afmælisdegi föður míns, 6. október 2013. Þegar henni hafði verið gefið nafn sendi ég henni þetta ljóð. Það var í janúar 2014.

Kári Jökull - Nafnaþula⁶

Þessi nýfæddi vekur nýja von
Hinn nýfæddi gaur er Atlason
sefur lon og don
Líkist Áróru stóru systur sín
jafnt í sinni sem ásýnd, gleðin skín
Þau eru fín
Kysir mömmu og karlinn í sátt
krúttaralegur á allan hátt
Brosir kátt
Nafnið hans hæfir hetju vel
Hraustlega vaxinn ég hann tel
og syndan sem sel
Drengurinn Kári Jökull er kúl
Að klæða hann er mikið strit og púl
eins og Erkki Nool.

⁶ Kári Jökull er dóttir Atla Sævars sonar míns og Dóru Gígju Þórhallsdóttur, tengdadóttur minnar. Hann fæddist 6. desember 2016.

Eva Lovísa - Sonnetta um kraftaverk í tilefni nafns⁷

Það kraftaverk er vaknar blóm í haga
og vonir frómar rætast hjónum ungum
Þakkir kvikna á þeirra fúsu tungum
þjóta um loftin straumar gleðidaga.

Já, hafin er nú hamingjunnar saga
hrundið unga töfrar pabba og mömmu
Hjalar sætt við afa sinn og ömmu
yndisleg snót með hláturkitl í maga.

Ungmeyju fagra prýðir sannleikssál
nú sæla býr í Lísu og Heimis ranni
Í húsinu ríkir gleði í ljúfu lyndi.

Lovísa fögur hjalar manna mál
mögnuð Eva hnellin er með sanni
Hamingjan fegri fljóðsins ljós og yndi.

⁷ Eva Lovísa er dóttir Heimir sonar míns og Lísu tengdadóttur. Ort sem kveðja frá ömmu og afa í febrúar 2015 þegar hún fékk nafnið sitt. Hún fæddist 15. ágúst 2014.

Lilja Sól - Kveðja frá afa⁸

Nú brestur á gleði og gaman
og gleðst nú öll fjölskyldan saman
Ein blómarós bættist í flokkinn
hún brosir við kolsvartan lokkinn
Alla glitrandi gimsteina dylja
þau gleymérei, nellika og lilja.

Hún er stjarnan á himninum heiða
sem Heimi og Lísu nú seiða
Þá hnátuna elskar hún Eva
allt vill hún smásystur gefa.
Verði lukkan ein lífs hennar brekka
nú Lilju Sól fýsir að drekka.

⁸ 17. desember 2017 var Lilju Sól, dóttur Heimis sonar míns og Lísu Lárusdóttur tengdadóttur minnar, gefið nafn. Hún fæddist 27. nóvember 2017.

Elfar Bjarki - Dagnýr drengur⁹

Hér er drengur svo naskur og nýtur
sem nú nafn sitt frá foreldrum hlýtur
Allar heillir hann fær
þegar hjalar svo tær,
inn í heiðríkju heimsins hann þýtur

Til hamingju, dagnýi drengur
okkur dúddunum gleði og fengur
Með þín aronsku tár
og þitt loggylta hár
á augljósum guðsvegi gengur.

⁹ Elfar Bjarki er sonur þeirra Arons Bjarka Jósepssonar, dóttursonar míns, og Dagnýjar Aðalsteinsdóttur, fæddur 14. ágúst 2013. Hann er því elsta barnabarnabarn mitt. Skírnin var 5. október 2014

Baldur Leó - Nýtt nafn í fjölskylduna¹⁰

Hann er frábær og fallegur drengur
Hann er flottari en gerist og gengur
Hann er næmur og skýr
Hann er naskur og hlýr
og nafnlaus hann verður ei lengur.

Hann á föður og fjörlega móður
Hann á flippaðan töffarabróður
Hann er fjölskyldustór
Hann er frískur og rór
Hann er fallegur, indæll og góður.

¹⁰ Baldur Leó er sonur þeirra Arons Bjarka Jósepssonar, dóttursonar míns, og Dagnýjar Aðalsteinsdóttur, fæddur 30. júlí 2015. Kveðja frá langafa í tilefni skírnar 10. október 2015

Hákon Kolka – Til hamingju!¹¹

Hjá regnboga í rökkri eða skini
má rósir og blóm eiga að vini
Við norðurljós náttúran ljómar,
nýr dagur og söngurinn ómar
Úr rússneskum eldi og íslenskum þrótt
er auðvelt að sameina dagsbrún og nótt.

Kjörnafni klerksins er skryddur,
með konunganafni er prýddur
Hákon hann heitir sá ljúfi,
heilsum þeim glaðsinna stúfi
Eldhugans kjarkur um æðar hans fer,
ástríkur söngur til hæða hann ber.

Við sólrís er kappinn sig klæðir,
og Kolkumýrarnar þræðir
Læknir með logsverð í stafni
hér leysti og gerði að nafni.
Því nefnist hann Kolka svo heppinn og hreinn.
Til hamingju drengur, til hamingju sveinn!

¹¹ Hákon Kolka Timofeev er sonur Laufeyjar mágkonu og Mikhails Timofeev, Hann fæddist 9. júní 2012, skírður 14. ágúst 2012.

Katrín Kolka - Kominn er dagur daga¹²

Nálgast vor og sól á himni hækkar
hressist jörð er líf og gróður stækkar
lengist dagur, vetrarfrostum fækkar
funinn vex og sjávaraldan lækkar
Lítill stúlka brosir blíðum augum
blikar djúpt í skærum hvarma laugum.

Kominn er dagur daga
fyrir dagsins ungu snót

Ömmubarn og eftirlæti pabba
undurfríð um gólfín brátt mun labba.
Við mömmu sína meira en fús að rabba
og málgan afa sinn með brosi gabba
Gleður Katrín Kolka allan heiminn
með kátu skapi, brúnaþung og dreymin.

Kominn er dagur daga
fyrir dagsins ungu snót

¹² Þann 14. nóvember 2012 fæddist Palla og Söndru sitt fyrsta barn. Stúlkan litla var síðan skírð 12. janúar 2013 og fékk nafnið Katrín Kolka eftir frænku sinni.

Kæra vina, eigðu líf í yndi
allt þér gangi í hag í logni og vindi
Hamingjan þér mæti í ljúfu lyndi
lukkan með þér gegnum ævi syndi.
Þú ert frábær, fljóðíð unga og bjarta,
fús að brosa, magnar sál og hjarta.

Einar Kolka Pálsson - Við skírn¹³

Hann er drengur svo naskur og nýtur
þegar nafnið í guðsgjöf hann hlýtur
Sína hamingju fær
þegar hjalar svo tær,
inn í heiðríkju heimsins hann þýtur

Þú ert lánsamur, dugmikill drengur
þú ert drífandi happafengur
Þú ert Einar svo smár
þú ert ungur og knár
þú á augljósum guðsvegi gengur.

Frá frænku og „frænda“

¹³ Þann 9. nóvember 2014 var Einar Kolka, sonur Söndru og Palla, skírður.
Hann fæddist 21. september 2014.

Jón Kolka - Nafnavísur¹⁴

Það er gaman að kúldrast og kafa
ef Kolkurnar eru í vafa
Með öflugri raust
er orðið ei laust
þegar anginn fær nafnið frá afa.

Nú nafnlaus er labbinn ei lengur,
lukkunnar fallegi strengur
Kröftugur sveinn
keikur og beinn
Jón Kolka, til hamingju, drengur!

¹⁴ Jón Kolka er sonur Bjarna Jónssonar, mágs míns. Hann fæddist 2. mars 2017.

Afmælisvísur

Pabbi 50 ára - Til hamingju

Kæri faðir, öldin hálf er orðin,
ægisboðar lífsins minnka fljótt.
Því virðuleikans sterka bjarta storðin
stendur, þó að vindar blási ótt
Og skynseminnar rödd og reynsluforðinn
ráða, þó að herji víl og sótt.

Kæri faðir, þú sem okkur elur,
eilíf sæla fylgi þér um veg.
Drottinn Guð, sem okkur alla telur
einkasyni og dætur, blessi þig.
Til hamingju með daginn þann er dvelur
dægrið það, er gleður þig og mig.

Guðrún Árný eins árs - Eitt ár í tímans skaut

Þú varst svo lítil, ljúfa mær
þú lékst við fingur, hrein og tær
þú saugst af brjósti, baðst um meira
þér birtist margt að sjá og heyra

Þú varst svo ung og agnarsmá
svo ótalmargt að skoða og sjá
þú vildir skíða, hoppa og hendast
hlaupa af stað, um gólfið sendast

Þú gast ei heldur gengið neitt
þá gréstu mikið, sárt og heitt
en tíminn leið við leik og hlátur
við ljúfust bros, - og "soldill" grátur

Og núna ertu stór og stælt
með styrkri rödd á mömmu er skælt
þú getur hlaupið, reitt og rifið
- og reyndar upp í stóla klifið -

Já, þú ert dugleg, daman mín
dýrleg eru augun þín
falleg ertu, fagra meyjja
svo fín, - ég veit ei hvað skal segja

Æ þér fylgi von og vit
vegleg sæla, ástarglit
Megirðu dafna í Drottins landi
djöflar heimsins ei þér grandí.

Kristófer 10 ára – Skarfur í Skógum

Það var eitt sinn skarfur í Skógum
sem skottaðist úti í mómum
Í fótbolta knár
frískur og klár
svo fuglunum þykir nóg um.

Í tölvunni feikna frækinn
svo flinkur og þrautasækinn
Er kemur í mark
hann kætist við skark
og klofar um tölvulækinn.

Kristófer heitir sá kappi
klókur og fimur tappi
Hann reiknar svo skjótt
og skrifar svo fljótt
að skólinn hans hrósar happi.

Jón Bjarnason 70 ára - Sjötug ríma

Braghendur mansöngur eða upphaf rímu

1. Sælir, vinir, svona byrjar sjötug ríma
Verður flutt þeim mæta manni
sem mærður skal í þessum ranni
2. Sjötíu hefur seggur árin sældar lifað
Fæddur norður á nyrstu Ströndum
hvar næðir vindur út með löndum
3. Í Bjarnarhöfn hann búskap átti bóndi góður
Ól upp börn og bylti túnnum
blessun las úr tímans rúnum
4. Félagsmál og fólksins líf hann færði saman
Skilgreindi og lagði leiðir
leiðtogi og málageiðir
5. Réðst svo norður, reif upp riftan Hólaskóla
Kunnur varð af kraftaverkum
kennari af ættum merkum
6. Bændaskólans blómatíma bar til sólar
Nemar námu búandfræði
sem búskap skyldi leysa úr læði
7. Sat á þingi, sanngjarn var og sáttaleitinn
Fólksins hag hann bar í brjósti
barðist fremst í miklum gjósti

8. Ráðherra með réttu varð og reisti varnir
ESB hann eyddi úr landi
aldrei tóri slíkur fjandi
9. Úr sínum flokki smánarlegir svikahrappar
Hann í bakið hnífum stungu
huglaust lið af ættum gungu
10. Sögu hans ég segja vil í sjötugu ljóði
Heyrið mína hugar glímu
hlustið vel á þessa rímu

Ferskeytt ríma af Asparvík á Ströndum

11. Norður á Ströndum er nóttin dimm
og nálægir tindar gnæfa
Bylja á húsunum hretin grimm
og höglin börnin svæfa
12. Svo kemur vorið veitult og frjótt
og vindarnir breytast í gjólu
Í hita og hlýju er andlit svo rjótt
og hlaupið með mjólk í skjólu
13. Asparvíkin er voldugt skjól
sem vegsama halur og spúsa
Átti þar fjölskyldan fagurt ból
í fjölmenni lítilla húsa

14. Iðkaði Bjarni bóndans gang
byggði úr traustum við
Sótti þar hákarl og sjávarfang
og sonunum kenndi í friði
15. Laufey svo ræðin, röggöm og glöð
réði víst húsum inni
Ól hún þar börnin sem birtust í röð
brosandi og glaðleg í sinni
16. Heiða sem peysurnar þrjónar um ár
purpura Hiddi safnar
Reynir í fræðunum flinkur og klár
í fjölskyldu Ásta dafnar
17. Lella í hjálpsemi ljúfust og best
og laukurinn Jón sat á þingi
Kalli með skinnin sín mætust og mest
nú mál er að Rúna syngi
18. Signý í golfinu geysist í mark
glóir hann Valgeir af hlýju
Þrautgóð er ættin og þétt er hvert spark
þetta eru systkinin tíu
19. Á þessum meiði er magnað svið
makar og frændur og mágar
sem geta af sér enn meira einvalið
sem ættina hrjóstrugu fágar

20. Því leggurinn í þeim er lurkurinn sá
sem leynist í Strandablóði
Heiðarlegt fólk skapar heiðin há
haf gefur kjark í hljóði

Stafhent ríma af Bjarnarhöfn í Helgafellssveit

21. Um Bjarnarhöfn við Breiðafjörð
bárur mynda megingjörð
Þar berserkir forðum lögðu leið
að launum þeir fengu pín og deyð
22. Dorma þar selir við sjávarnið
syndandi fuglar að gömlum sið
Um staðinn fjallið stendur vörð
stiklar um grundir kindahjörð
23. Kirkjan er staðarins djásn og dýrð
drottnei helguð, af Guði skírð
Óx þar Jón við ótal störf
elfdist að krafti í gleði og þörf
24. Menntun þá sótti sveinninn sér
syðra og ytra, þar og hér
Reisti svo hús og ræktaði tún
reru til fugla frá sjávarbrún
25. Neistinn til kennslu kallaði á hann
í kennarastarfinu gleði fann
Í kennslunni þótti hann skarpur og skýr
skilning hann glæddi sem áður var rýr

26. Sveitungar fundu hans fljúgandi vit
í félög hann settu í hagsmunastrit
Á bændaþing sendu með búandans arf
borinn var seggur í oddvitastarf
27. Samvinnuhugsjón í huga hans stóð
hagsmunir fólksins í viðskiptaglóð
Við formennsku kaupfélags traustlega tók,
nú tiltekt var hafin í efnahagsbók
28. Í hreppsnefnd leiddi hann margvísleg mál
mælskan þar dugði og tendraði bál
leiddi fólk saman um samfélagsbót
sáttmála vonar var komið á fót
29. Gífurleg afköst með atorku og dug
og allt gert af krafti og vönduðum hug
til hliðar við stritið og bjástur við bú
börnin sín mörgu og öflugra frú
30. Bjarnarhöfn kallast sú kostanna jörð
kann þó að vera mjúk eða hörð
matarvæn kista í mannanna róm
megi þar spretta og uppvaxa blóm

Samhent ríma af Hólum í Hjaltadal

31. Svo fluttist að Hólum í Hjaltadal
sem hvílir í svipmiklum fjallasal
þar oft heyrir veglegra vætta tal
sem síðan nam bergmála í vísum hal
32. Hólabyrða í hvítum kjól
helgan vegsamar biskupsstól
Í Gvendarskál kviknuðu himinhjól
og hugurinn mikla drauma ól
33. Þar bjargaði skóla frá bráðri neyð
byggði upp að nýju af gömlum meið
þróaði námið, sú braut var breið
bændaskólanum vann hann eið
34. Efldi staðinn með styrkri hönd
stórvirki framdi sem barst út um lönd
sveitunga virkjaði iðjusöm önd
atorku Jóns héldu engin bönd
35. Nemendur menntaði ár eftir ár
uppfyllti námsþyrstra vonir og þrár
Skólinn í virðingu varðaði hár
velgengnin brúaði skurði og gjár
36. Að ríða með Jóni að Hólum heim
hrifningu vakti með öllum þeim
sem menningu höndum taka tveim
og treysta á bóndans þjóðarseim

37. Skagfirskur kraftur varð kunnur á ný
og kirkjan á Hólum bar hátt við ský
Skólinn er búskapnum birtan hlý
nú bændur víst engir neita því
38. Í starfinu fríða tók fjölskyldan þátt
frúin og börnin sem léku sér dátt
unnu þau störf sem bárust að brátt
beindu um gestum sem vissu svo fátt
39. Þannig leið tíminn í sólríkri sveit
sanhent þau undu á fallegum reit
lífsaflíð viljuga og hugsunin heit
að happasæld meiri var sannlega leit
40. Skagfirskur höfðingi, í huganum glóð
halda nú vildi upp á sigra og ljóð
þá kappann til verka kallaði þjóð
kaus hann til þingstarfa vitur og fróð

Afhent ríma af eiginkonu og börnum

41. Munið öll að manns og konu mesta gaman
er þá með börnum sitja saman
42. Ungur kynntist kærri og ljúfri konu sinni
löng og lánsöm urðu kynni
43. Ingibjörg er auðnudrengsins æskudraumur
hjá henni birtist gleði og glaumur

44. Konan sú frá Kolkufólki kraftinn léði
vel það skildi seggurinn séði
45. Saman standa í einu og öllu, alla daga
yndi er þeirra ástarsaga
46. Listræn kona, ljúfum myndum liti gefur
leik að pensli í höndum hefur
47. Hjónin kæmust illa af ef ekki ættu
hvort annað að í heimsins hættu
48. Bjarni í sveitarstjórnarstússi af styrkri festu
Ásgeir hagfræði miðlar mestu
49. Ingibjörg er íslandsfróð, ég um það ræði
Laufey rómar rússnesk fræði
50. Katrín sína hjúkrun nam af hlýjum huga
Páll mun jarðvegs dáðum duga

Nýhent ríma af þingmennsku

51. Það er gaman að göslast í pólitík
og ganga til verka gegn fláræðisminni
barátta fólksins er fáu lík
og freistar þess góða í dánumannssinni

52. Í þjóðmálum einatt má gera gagn
ef góðir menn um framkvæmd véla
en þegar draga vargar vagn
víst má falla á glugga héla
53. Jóns var öndin heið og há
er hugsjón rak til góðra verka
hafði það sem þurfa má
þjóðarsýn og samkennd sterka
54. Sat á þingi og verk sín vann
því viska bjó í þessum huga
Virðing óx því fólkið fann
að fús hann mundi lýðnum duga
55. Fylgið óx og flokkurinn þá
fékk að stýra þjóðarfleyi
Réðst þá að settist rekkur sá
í ráðherrastól er birti af degi
56. Þjónaði ötull þjóðarhag
þæfðist móti evruhelsi
strandveiðum veitti lausnarlag
lagðist gegn braski og auðmagnsfrelsi
57. Bændunum bjó hann betri kjör
barðist gegn árás innfluttra vara
sannlega réði sanngirni för
á svig við loforðin neitaði að fara

58. En svikarar leyndust liðinu í
sem leituðu færís að svíkja og ljúga
hans eigin foringjar blakkir sem blý
bognuðu og hrundu eins og veslingahrúga
59. Þeir stungu í bakið dugandi dreng
drápu sín tengsl við fólkið og landið
þeir atkvæðum týndu og töpuðu feng
trúnaður horfinn, þar slitnaði bandið
60. Nú hann stendur eftir með hreinan skjöld
hokinn af reynslu, virtur og dáður
hans verk munu lifa um ævi og öld
hans atgeir er gljáandi og beittari en áður

Lokalag undir limruhætti

61. Hér er fjölmenni saman safnað
sem í sjötugsveislu hefur hafnað
Við hyllum einn mann
einn hugrakkan mann
Hvílíkt sem hann hefur dafnað!
62. Á góðgæti gæðum við okkur
gleðst þá hver vala og stokkur
Við hyllum einn mann
einn hugrakkan mann
Þetta er hreint enginn stjórn málaflokkur

63. Við drekkum hér dásemdar veigar
hver drengur og stúlka teygjar
Við hyllum einn mann
einn hugrakkan mann
Hans hugsjónir víst eru seigar
64. Við hlustum á lofræður langar
lof þetta athygli fangar
Við hyllum einn mann
einn hugrakkan mann
Nú blána og svitna vangar
65. Við spjöllum við konur ok karla [kalla]
kyssum á vanga og skalla
Við hyllum einn mann
einn hugrakkan mann
Hann hendist um ganga og palla
66. Hér upphefjast ættmennahvinir
hér eru ærlegir tengdasynir
Við hyllum einn mann
einn hugrakkan mann
Við hyllum þig Jón sem vinir
67. Lifðu nú vel bæði og lengi
í lukkunnar blússandi gengi
Við hyllum einn mann
einn hugrakkan mann
á hamingjuóskanna engi

68. Árin sem öðlingsins bíða
í ánægju megi þau líða
Við hyllum einn mann
einn hugrakkan mann
sem í hug okkar ferðast víða
69. Lifðu sem lífsblóm í eggjum
leiktu með skeljar og leggi
Við hyllum einn mann
einn hugrakkan mann
Gakktu ei á hurðir né veggi
70. Þessi unaður ei stendur lengur
af Óðni ég hingað var sendur
Við hyllum einn mann
einn hugrakkan mann
Hlustið nú, ég heiti Gvendur.

Hafþór sextugur

Það má alls ekki meistarann mæra
þótt mögnuð sé öðlingsins æra
Hann syndir í skjól
inn í sextugra ból
þar sem öndina aldraðir næra.

Hann Haffi oft til Flórída flýgur
svo feginn um golfvelli smýgur
Hann er glaður á brá
og svo brosandí af þrá
þegar góðvín úr glösunum sýgur

Til hamingju hugljúfi drengur
þinnar hugrökku konu ert fengur
En nú segi ég stopp
og ég stöðva allt flopp
því þér leiðist ef mala ég lengur

26. febrúar 2014

Óttar Einarsson 70 ára - Í afmælisveislu

Hann Óttar er yrkjari slyngur,
um afaskap hástöfum syngur.
Ljóðmælin stinn
hann letrar á skinn
og leikur við hvurn sinn fingur.

Drífur um draumsjónir brátt fár,
í dag þú sjötíu átt ár
en huggun þér er
að hvirfill er ber
því á höfðinu er ekkert grátt hár.

Sú var tíðin ... Ljóð flutt á 50 ára afmæli ML¹⁵

Nú er hátíð og hugirnir mætast
og í höllinni gleðjast og kætast.
Eftir fimmtíu ár
lifa óskir og þrár
og þeir draumar sem dafna og rætast.

1953

Þegar skólinn var settur í salnum
og sólskinið ljómaði í dalnum
þau dönsuðu tjútt
það var dæmalaust fútt
þó að væri ekki mikið í malnum.

1963

Það var djammað og farið í Festi
og menn fengu sér jakka og vesti
það var rokkað af list
og svo reyndu menn „twist“
meðah Ómar söng: „Hott, hott á hesti!“

1973

Þau börðust gegn böli og dauða
undir blaktandi fánanum rauða
og menn fóru út í geim
en þau frelsuðu heim
og var fagnað af fjöldanum snauða.

¹⁵ Höfundar Óttar Einarsson og undirritaður.

1983

Þau bjórlíki kneypuðu úr krúsum
á knæpum og veitingahúsum.
Fyrst var það „shake“
en síðan kom „break“
og svo löptu menn landa úr brúsum.

1993

Þetta er kynslóð sem kaupir af sjóðum
og hún kann ekki mikið í ljóðum
En þau rækta sinn skrokk
og þau skemmta sér nokk
við að sippa og lyfta upp lóðum.

2003

Þau lauga sitt lífsblóm af kappi
og lenda við Pálma í stappi.
En á tölvunnar skjá
reynist tilveran blá
og þau létta sér lífið með rappi.

Brúðkaupsbragir

Parið Jósi og Gunna¹⁶

Í kvöld við eigum hér ánægju saman
og syngjum öll þennan fagnaðarbrag
Því hér er aldeilis glaumur og gaman
já, þetta er gleði- og hamingjulag

Karlinn elskar konu snjalla
og konan elskar góðan mann
Barnahópin heim þau kalla
sem hoppar um með sóma og sann

Já, nú er aldeilis glaumur og gaman
gleðin magnar þann hamingjutón
Þau tvö sem presturinn þússaði saman
parið Jósi og Gunna´ eru hjón.

¹⁶ Lag: Kötukvæði.

Heimir og Lísá - Giftingardagurinn 22. júní 2012

Þegar frétt nokkur flýgur um bæinn
og feykist jafnt út yfir sæinn
hún berst oss í blíðu
og brakandi stríðu
og býður til hammó með daginn.

Þetta er glóandi giftingarvísa
frá góðlandi elda og ísa.
Lífið alsæl í krukku
við kæti og lukku.
Koma svo, Heimir og Lísá!

Til Parísar parið nú heldur.
Í París veit enginn hvað veldur.
Þar er ljómandi flott
og lífið svo gott.
Þar er logandi ástareldur.

Í lífinu er margt í mörgu
og mikið af þúfunum körgu.
Farið varlega um palla
og prýðið þá alla!

Frá pabba og Ingibjörgu

Brúðkaupsvísur handa Palla og Söndru

Nú til brúðkaups er boðað „í skyndi“
með brosi og göfgi í lyndi
í hjónabandsból
í brakandi sól
þau berast með sælunnar vindi

.....

Hann er fjörmikill dáðadrengur
hún á drauma um lífið sem gengur
Nú gerist það kátt:
þau gifta sig brátt
því þau geta ekki beðið lengur

.....

Nú er boðið til brúðhlaups með tertu
brauðhleif og fiskmeti hertu
Ég á líf, ég á líf
það er ljúft og ég svíf
lofa brúðhjónin hnakkakerrtu

.....

Nú merlar um stokka og steina
og stirnir á ufsir og hleina,
tungl skín á tindana hreina
og trúnaðarsáttmáli gjör.
Hér glóir á brautina beina
því brúðkaup í vændum má greina,
þann dag má ei lukkunni leyna:
Lífið er yndisleg för.

Erfiljóð

Pakkarkveðja - Katrín Kolka Jónsdóttir (f. 29. 9. 1982 -
d. 27. 2. 2011)

Kæra góða vina, við kveðju sendum þér,
úr kærleiksfullum hjörtum sú þökk um loftin fer.
Núna ertu horfin en hlustar þó svo vel
er hrygg við sitjum eftir við leik að völu og skel.
Víst ertu áfram nálæg og hressir okkar hug,
huggar daprar sálir og lyftir þeim á flug.

Þú nældir þér í öðling sem umvafði þig ást
þinn yndislega maka sem aldrei vonum brást.
Og elsku litla soninn þinn ólstu upp með dug,
allt þú honum kenndir með þínum blíða hug.
Þann gimstein hefur annast með ást frá fyrstu tíð,
unga drenginn styrkti móðurhöndin blíð.

Umhyggjan frá foreldrum var dæmalaus og sterk
og fjölskyldan þig studdi gegn særindum og verk.
Þú elskaðir allt sem lifir og lífið móti skein
þótt linuðust þínir fætur og efldust illvíg mein
því sálin þín var heiðrík og hugur þinn var knár
og hjarta þitt var blíðlynt þótt geigur ýfði sár.

Dirfska þín og kraftur kæfði alla þraut
og kjarkur þinn til lífsins þíslir sigra hlaut.
Við vitum öll að launin sem ljúfa hjartað fær
er líðan betri er englum og guði sín' er nær.
Nú stríði þínu er lokið og kinnin þín er köld.

Við kveðjum þig með þökkum, við hittumst seinna í kvöld.

Lífið er von - Guðný Jósépsdóttir (f. 12.6. 1929 - d. 9.6. 1999)

Ljós kviknar
líf bliknar
lund viknar
og lífið er von.

Að kynnast og lifa í samlyndi og sátt
sæluna teyga um daga og nátt
er unaður mesti
Afkvæmi eignast sem dafna af dug
drífandi stráka sem lyftast á flug
og eltast við þresti.

Þeir fullorðnir verða og fegra sitt líf
finna sér vinnu, eignast sín víf
og börnin sín góðu.
Þá lifnar í húsi og heimilið grær
hlátrasköll dynja og gleðin er nær
í hamingjumóðu

Ljós kviknar
líf bliknar
lund viknar
og lífið er von.

Svo húmar að kveldi og kyrrðin sest að
kallið að handan frá himnanna stað
Hann kallar til náða
Við harmþrungin stöndum, því söknuður sár
sorginni fylgir, depurð og tár
sem letja til dáða

En minningin lifir og með henni þrá
sem myrkrinu eyðir og kyrrir hvern sjá
sem englarnir blíðir
Í frelsarans jarðlífi er vonin svo væn
vegsömum Drottinn í þakklátri bæn
Við hittumst um síðir.

Söngfuglinn sem hljóðnaði - Sigurður Sigurjónsson (f.
8.9. 1913 - d. 3.6. 2005)

Söngfuglinn hljóðnar í húmi um kvöld
nú heilsar oss nóttin, svo döpur og köld
Tónarnir víkja og tíminn er kyrr
það tindrar á hvarma sem aldrei fyrr
það er nótt, það er nótt meðal manna.

Prösturinn ljúfi með síglaðan söng
hann syngur ei meira um vordægrið löng
Gladdi okkar hjarta, hann gaf okkur dug
í glóð þeirra söngva við lyftumst á flug
Hann söng ljóð, hann söng ljóð handa öllum.

Rifjast upp kynni svo kær og svo djúp
svo kankvís og glaðleg í listrænum hjúp
Söngskáldið ljúfa sem sem gaf okkur gjöf
sem geymist í hjörtum við aldanna höf
Samdi lög, samdi lög fyrir lífið.

Minningin lifir um líf sem var bjart
í listrænum huga bjó eilífðarskart
Ég þakka þau kynni, þau lýsa mér leið
í lifandi tónum um ævinnar skeið
Kæra þökk, kæra þökk fyrir kynnin.

Kveðjuorð - Albert Jóhannsson í Skógum (f. 25.9.
1926 – d. 26.12. 1998)

Herrans höllu í
heyrastr dýrðar ljóð
Hestar hneggja kátt
himins fagurt stóð
Gestur gengur inn,
gleðst við kunnug hljóð
Bregður brosi á vör,
blikar augna glóð

Vinar verkalok
virða og þakka ber
Horfið fjúk og hret,
því himin augað sér
Er svífur burt hans sál,
sorg um húsið fer
Ljúf er lausn frá kvöl,
en logsár harmur er

Biðjum góðan Guð
að geyma þennan mann
Snjall í leik og list
hann lífi og fegurð ann
Vinir kveðja í von
sem vermir hugans rann:
Við komum seinna í kvöld
og kannski hittum hann . . .

Frá sveitungum og vinum - Tómas Jónsson,
Skarðshlíð (f. 25. 4. 1929 – d. 1. 8. 1998)

Með þakklæti í hug og hjarta
við hefjum upp örsmátt ljóð.
Þín vinsemd og vináttan bjarta
verðskulda dýran óð.
Samt skortir öll orð að yrkja,
óhægt er sorg að virkja.

Með ljúfum og léttum huga
lægðir þú storm og þraut
Þín fordæmi flestum duga,
er fennir á lífsins braut.
Þú hjálpaðir hrjáðum í vanda,
á himnum þau verk þín standa.

Frá þrautum fékkst líkn að launum,
lofuð sé miskunn Hans.
Frelsi frá feigð og raunum
er friður hvers gæfumanns.
Í hugum er hryggð og tregi.
En - hittumst á efsta degi!

Annað

Lokasöngur í Kabarett LA 1980 (Við ýmis lög)

(Nína og Geiri)

Við eigum okkur leikfélag lítið eitt
sem leikur núna alls ekki neitt
því blankheit herja á hópinn þann
sem hlægir, æsir og syrgir mann.

(Siggi var úti)

Í fyrstu þau leituðu á leiðtoga vitin
með ljúfsárar óskir, þau leikaragrey.
En ríkið það neitaði, nú sáust svikin
og nánasir bæjarins – svei, svei og svei.
Nei, sko mennina flotta og fína.
Nei, sko mennina flotta og fína.
Úr formföstum augunum óskirnar skína
en aumingja leikarar fá ekki neitt.

(Stolt siglir fleyið)

Það er því alveg víst, elskurinn minn
að atvinnuleikhúsið hverfur nú um sinn.
En ætlið þið þrjótum að þola það raus –
að við verðum leikfélagslaus?

LA – gamla LA

leikfélagið mitt

í stormi og hríð þú stendur þitt stríð
stöðvar allt nið, því lund þín er blíð

LA – gamla LA

leikfélagið mitt

Við elskum þinn hag hvern einasta dag
við syngjum þér brag og búumst í slag.

Það er því ekki víst, elskurinn minn
að atvinnuleikhúsið hverfi burt um sinn
því við ætlum ekki að þola það raus
að við séum leikfélagslaus.

(Ólafur reið með)

Láum því ljóma kröfuna

Leikfélag! Leikfélag!

Burt með nauma nískuna

við norðlenskt leikfélag.

Berum oss að berjast fyrir björginni

berum oss að berjast fyrir björginni strax.

Garður á Laugarvatni

Hér býr minning um sigur og sóma
um samstöðu er vaknaði úr dróma
hér er gæfunnar rós
hér býr gleði og ljós
nú er Garðurinn komin í blóma

Þó að veðráttan virðist oft galin
þið svo velkomin eruð í dalinn
þegar Garðbúar kærir
fluttu kátir og færir
þá fór kliður um háfjallasalinn

Hér er framtíðarhugsjón í huga
sú hugsjón mun sveitinni duga
Hér er heimili nýtt
hér er fallett og hlýtt
hér sé hamingja - og ein og ein fluga.

Vísna gátur – Um hverja er ort?

Hún er svarthærð með sígaunaenni
hún er svarteyg sem eldur þar brenni
Hún þurrkar og þvær
sú þvengmjóa mæð
Hún á karl sem er kallaður ... og svo segi ég ekki meira. (Elín)

Durgur sá á dætur þrjár
dálíði lítið göngufrár
Ljóska Lilla
er lífs hans dilla
horskur er og hærufár. (Óttar)

Flennist upp um fjöllin
og fíflast við tröllin
heyrið hlátrasköllin
er horfir á Eyjafjöllin
Stíkar vígs um völlinn
vönduð málaþöllin. (Connie)

Hann var eitt sinn bóndi á bænum Steig,
með baslinu kenndi í Skógum um sinn
Á dimission sinni fyrst dreypti á veig,
dásamar bugður og köttinn minn. (Sigurjón)

Hún er ættuð að vestan úr vogi við strönd
á völsku hún mælir af gáska
Vinnur á sumrin við leiðsögn um lönd
en lullar í útlandi um páska. (Gríma)

Fasteignir seldi og fékk þannig aur,
flennist um túnin á slætti
Gælir við boddí sá bráðlyndi gaur
bóndi með nýjum hætti. (Heimir)

Stúdent frá MK er stúlkan sú
stjórnsöm er frauken smáa
var síðhærð, en er ekki orðin frú,
ungfrúin leggjaknáa (Kiggó)

Þorralót UMFL 2005

Póstur og bankastjóri (Lag: Pósturinn Páll) Flytjandi: Johnny High – Jón Þór Ragnarsson

Pósturinn Jón
pósturinn Jón
pósturinn Jón er ekkert flón
í búðinni opnar banki
brosir þá Nonni blanki
Blíðlegur er bankastjórinn Jón.

Kann ég vel að syngja um seðlabúnt
sofa með þau undir kodda mínum
Já, ég elska peninga
Pósturinn Jón, Jón, Jón er ekkert flón ...

Pósturinn Jón
pósturinn Jón
pósturinn Jón er ekkert flón
í búðinni opnar banki
brosir þá Nonni blanki
Blíðlegur er bankastjórinn Jón.

Í sveitinni (lag: Halló, þarna bíllinn ekki bíður)
Flytjandi: Gugga gospel – Guðbjörg Jónsdóttir

Í sveitinni er furðufólk að finna
fýsir mig þá sveitalubba að kynna
Í kulda og trekki kúra í sínum bólum
kerlingar og karlar sem elska beljur, kindur, hunda og ketti, en
hafa ...
ímugust á skólum

Í Efra-Apó og Hvammó búa kappar
en Kjartan og Snæbjörn eru Austureyjar-tappar
Í Útey búa Gulla og gæinn þéttur
og grúví lögmaðurinn í Tungu rekur féð í annarra manna
garða og ...
setur svo upp fléttur

Á Snorrastöðum Simbi á Guggu gólar
og gaurafjöld á Hjálmstöðunum spólar
Á Ketilvöllum Gróa og Guðný búa
í Miðdal búa þau Bjarni Líndal og Mía konan hans, en í
Miðdalskoti vill ...
Magga að Kalla hlúa

Í Hólum eru Heiða og Jói Gunni
hrópast á með einum og sama munn
Elínborg og Friðgeir á þau hlýða í kulda
en á Böðmóðsstöðum eru blómabörnin Auðunn og María,
einnig Hörður, Mæja, Árni, Erla og nautahjónin sælu ...
Jón Þormar og Hulda

Í Leyni elska Guðmundur Óli glaður
og gjafmild meyja, Rósíta, ó já maður.
Í Efstadal eru Björg og Bjössí kraftur
en blessuð glymum ekki Siffa og Möggu, Krístrúnu, Ragnheiði
og Tedda sem ...
brýtur og lagar aftur

Ég er drottning (Lag: Elsku vinurinn góði)
Flytandi: Helena fagra frá Kanarí – Helena Traustadóttir

Ég er drottning tennismanna
ég er drottningin ein og sanna
ef ég þyrfti kúlur að kanna
myndi ég láta þær allar inn
elsku bestu vinurinn.

∴ Umbarassa, umbarassa, umbarassassa ∴

Þarna sé ég strákastóð
ei er því að leynd
Vaknar í mér gömul glóð
brátt ég fer að veina
Skilurðu hvað ég meina?

∴ Umbarassa, umbarassa, umbarassassa ∴

Strákar komið, kyrjum lag
hleypur nú á snærið.
Dönsum fram á næsta dag
Sjáið þið á mér lærið.
Nú er tækifærið.

∴ Umbarassa, umbarassa, umbarassassa ∴

Unglingaskólarnir á Laugarvatni (Lag: Í skólanum)
Flytjandi: Dísá – Þórdís Pálmadóttir

Í skólunum, í skólunum þau skemmta sér og djamma
þau rífa kjaft við kennara
og kasta skít í meistara
Í skólunum, í skólunum þau skemmta sér og djamma

Hann Kári Jóns, hann Kári Jóns, hann krakkastóðið siðar
Hann bannar sex og sull í bjór
og sukk í laug og helgarþjór
Hann Kári Jóns, hann Kári Jóns, hann krakkastóðið siðar

Í Menntó er, í Menntó er svo mikið lært um lífið
Þau skipta um maka mjúklega
og meika daginn sjúklega
Í Menntó er, í Menntó er svo mikið lært um lífið

Tommi Tommi Tré (Lag: Bolli-bolli-bu og Ó, þá náð)
Flytjendur: Dísá og Gugga gospel

Tommi-Tommi-Tré-Tommi-Tré-Tré-Tré
Tommi-Tommi-Tré-Tommi-Tré-Tré-Tré
Tommi-Tommi-Tré-Tré-Tommi-Tommi-Tré
Tommi-Tommi-Tré-Tommi-Tré-Tré-Tré

Ó, þá náð að eiga hamar
einkanlega í smíðinni
ó þá heill að hætta mega
að halda áfram í keppninni

Jói-Jói-Tré-Jói-Tré-Tré-Tré
Jói-Jói-Tré-Jói-Tré-Tré-Tré
Jói-Jói -Tré-Tré- Jói-Jói -Tré
Jói-Jói -Tré- Jói-Jói -Tré-Tré-Tré

Allt sem ég get (Lag: Kanntu brauð að baka?)

Flytjandi: Johnny High

Kanntu brauð að baka? Já, það kann ég
Svo úr því verði kaka? Já það kann ég
Ertu alveg viss um? Já það er ég
Eða ertu kannski bara að gabba mig?

Kanntu að sjóða pulsu? Já það kann ég
Svo úr því verði Guðni? Já það kann ég
Ertu alveg viss um? Já það er ég
Eða ertu kannski bara að gabba mig?

Kanntu að frussa úr dælu? Já það kann ég
Svo bensín flæði um planið? Já það kann ég
Ertu alveg viss um? Já það er ég
Eða ertu kannski bara að gabba mig?

Kanntu að leika löggum? Já það kann ég
og stinga fólki í steininn? Já það kann ég
Ertu alveg

Ekta Laugvetningar (Lag: Bimbambimbam)

Flytjandi: Helena fagra frá Kanarí

Bimbam bimbam, bimbirimbirimbam
Hver er að berja? Bimbirimbirimbam
Það eru ekta Laugvetningar. Bimbirimbirimbam
Og hvern vilja þeir finna? Bimbirimbirimbam
Skipulagsfulltrúann. Bimbirimbirimbam
Hvað vilja þeir honum? Bimbirimbirimbam
Vernda auðar lóðir. Bimbirimbirimbam
En hvers vegna vernda? Bimbirimbirimbam
Svo þeir geti tjaldað þar. Bimbirimbirimbam
Hver eru svo rökin? Bimbirimbirimbam
Sjónmengun og hávaði. Bimbirimbirimbam
Og hvað vilja þeir meira? Bimbirimbirimbam
Vernda gömlu gufuna. Bimbirimbirimbam
Og hvernig á að gera það? Bimbirimbirimbam
Banna allar breytingar. Bimbirimbirimbam
Og hvað fáum við að launum? Bimbirimbirimbam
Að sjá þá og virða. Bimbirimbirimbam
Hvernig koma þeir hingað? Bimbirimbirimbam
Á fornbílum og þyrlum. Bimbirimbirimbam
Bimbam bimbam, bimbirimbirimbam

Traustur vinur (Lag: Traustur vinur)

Flytjandi: Helena fagra frá Kanarí

Óli minn, þú ert konum kær
þú huggar og verndar þær
Óli minn, svo fagur og stæltur staur
þú ert strákanna besti gaur

Já, sagt er að þegar þú faðmir stúlkugrey
verði hún aftur mey
Því segi ég það, þá á hún vin í raun
fyrir hennar hönd, guði sé laun.

Því stundum verður konum á
styrka hönd þær þurfa þá
þegar rúmið allt í einu sýnist einskisvert
gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig
traustur vinur getur gert kraftaverk

Gullna rörtöngin (Lag: Upp með hendur)

Flytjandi: Johnny High

Drullusokkur hentist inn í H-Sel
og hélt á rörtöng, hvílíkt tröll
Heimtaði með þjósti peningana
annars mundi hann rota þau öll
Upp með hendur, niður með brækur,
peningana aftur, eða ég slæ þig í rot.
Haltu kjafti, snúðu skafti,
aurinn eins og skot!

Drullusokkur druslaðist í burtu
reyndi að fela sporin sín
Við eltum hann á tveimur glæsikerrum
ég og litla Sigga mín
Upp með hendur, niður með brækur,
peningana aftur, eða ég slæ þig í rot.
Haltu kjafti, snúðu skafti,
aurinn eins og skot!

∴:Hesma, þúsma, mesma, vosma, kasma, isma,
hesma, þúsma, mesma, hosma? - Já!∴:

Við náðum honum hímandi við Þingvöll
og hengdum hann upp í næsta tré
Réttlætið það sigraði að lokum,
og H-Sel endurheimti féð.
Upp með hendur, niður með brækur,
peningana aftur, eða ég slæ þig í rot.
Haltu kjafti, snúðu skafti,
aurinn eins og skot!